



Borgarráð

### **Tillaga um viðbótarvorhreinsun 2022**

Lagt er til að borgarráð samþykki viðbótarfé til vorhreinsunar gatna- og stígakerfis borgarinnar, samtals 20 mkr sem komi af liðnum ófyrirséð. Fjármunum verður varið í að flýta hreinsun stíga með því að kaupa þjónustu fleiri stígasópa annars vegar og hins vegar að auka við hreinsun gatna í þjónustuflokki 2 sem eru tengibrautir gatnakerfisins. Þar verður aukið við þvott með vatni til að hámarka árangur. Með þessum aðgerðum ætti samgöngukerfið að verða hreinsað fyrr en ella og með betri árangri.

Aukafjármagn í rekstur vegna viðbótar við vorhreinsun vorið 2022 skiptist með eftirfarandi hætti:

- Viðbótar súpun á göngu- og hjólaleiðum 11,7 mkr.
- Viðbótar háþrýstipvottur á götum í þjónustuflokki 2 (bláar leiðir) 8,3 mkr.

### **Greinargerð:**

Að baki er langur og strangur vetur þar sem álag á innviði hefur verið gríðarlegt. Mikil klakasöfnun varð, asahláka og ofankoma sem gerðu þörf fyrir hraða vetrarþjónustu afar mikilvæga. Eftir slíkan vetur safnast jafnan meira af sandi og afgangsefnum sem geta myndað svifryk við réttar aðstæður. Því er mikilvægt að viðbótarþrif verði framkvæmd á þessu vori en áætlað er að þeim ljúki í júnímánuði.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri